Alþýðusamband Íslands

Samantekt á raforkuverði til heimila

Raforkukostnaður hjá heimilum landsins hefur hækkað mikið frá því í ágúst 2011. Mest er hækkunin hjá viðskiptavinum Rarik dreifbýli/Orkusalan, en heildar raforkukostnaður þeirrra hefur hækkað um 8,6% m.v. 4.000 kWst. notkun á ári. Minnst er hækkunin hjá heimilum á svæði Norðurorku/Fallorku eða um 2,7% fyrir sömu notkun.
Allar dreifiveiturnar hafa hækkað gjaldskrána. Mesta hækkunin var hjá Rafveitu Reyðafjarðar en minnst hjá HS veitu. Verð raforku hefur ekki hækkað hjá öllum raforkusölum en aðeins Orkusalan, HS orka og Rafveita Reyðafjarðar hafa hækkað gjaldskrána um 6,2% og Orkuveita Reykjavíkur um 4,7%.

Raforkureikning heimilisins má skipta í tvo hluta. Annars vegar er greitt er fyrir flutning og dreifingu raforkunnar til þeirrar dreifiveitu sem hefur sérleyfi á viðkomandi landssvæði og hins vegar er greitt fyrir raforkuna sjálfa til þess sölufyrirtækis sem hver og einn kaupandi velur. Þannig greiðir heimili á Ísafirði ávallt Orkubúi Vestfjarða fyrir flutning og dreifingu á raforku en getur síðan t.d. valið að kaupa raforkuna af Orkuveitu Reykjavíkur.

Í neðangreindum dæmum er gert ráð fyrir að heimilið kaupi raforku af þeirri dreifiveitu sem hefur sérleyfi á flutningi og dreifingu hennar á viðkomandi landsvæði og þeim sölufyrirtækjum sem stofnuð hafa verið utan um raforkusöluna hjá viðkomandi dreifiveitu.

Heildar raforkukostnaður
Mest hækkar rafmagnsreikningurinn hjá viðskiptavinum Rarik dreifbýli/Orkusalan, en heildar raforkukostnaðurinn hjá þeim hefur hækkað um tæp 8,6% síðan í fyrra miðað við 4.000 kWst. notkun á ári. Hjá viðskiptavinum Rafveitu Reyðafjarðar hefur raforkukostnaður einnig hækkað töluvert eða um 8,5% og Orkuveita Reykjavíkur hefur hækkað gjaldskrána um 7,8%. Minnsta hækkunin er hjá Norðurorku/Fallorku eða um 2,7% og Orkubúi Vestfjarða um 3,9%.



Heildarkostnaður fyrir flutning, dreifingu og raforku til heimila í þéttbýli, sem nota 4.000 kWst. notkun á ári, er hæstur hjá viðskiptavinum Rarik tæplega 72.235 kr. á ári. Lægstur er kostnaðurinn hjá Norðurorku/Fallorku 60.010 kr. á ári. Verðmunurinn er 12.225 kr. á ári eða 20%.

Raforkukostnaður fyrir heimili í dreifbýli er töluvert hærri en í þéttbýli. Heimili í dreifbýli á svæði Orkubús Vestfjarða greiða 89.026 kr. og kostnaðurinn hjá Rarik dreifbýli/ Orkusalan er 90.716 kr. og hefur þá verið tekið tillit til sérstaks dreifibýlisframlags ríkisins til að niðurgreiða dreifingu á raforku í dreifbýli. Ekki er mikill verðmunur hjá þessum tveimur aðilum eða 1.690 kr. á ári.

Flutningur og dreifing á raforku

Kostnaður við flutning og dreifingu raforku miðað við 4.000 kWst. notkun á ári hefur hækkað mest hjá Rafveitu Reyðafjarðar um 10% og hjá Orkuveitu Reykjavíkur um 9,9%. Minnst hefur kostnaður við flutning og dreifingu hækkað hjá heimilum á svæði HS veitu eða um 4,1% og á svæði Norðurorku um 4,6%. Þessar hækkanir má rekja bæði til mikilla hækkana á fastagjöldum sem innheimt eru óháð notkun sem og orkugjalds sem er gjald fyrir hverja kWst.



Kostnaður meðalheimilis í þéttbýli, fyrir flutning og dreifingu á raforku er mestur 47.236 kr. á ári hjá Rarik þéttbýli en minnstur á 36.065 kr. hjá Norðurorku sem gerir 11.171 kr. verðmun eða 31%. Heimili í dreifbýli greiða talsvert hærra verð fyrir þessa þjónustu. Hjá Orkubúi Vestfjarða í dreifbýli er kostnaðurinn 65.984 kr. á ári og hjá Rarik í dreifbýli er kostnaðurinn 65.717 kr., þegar tekið hefur verið tillit til niðurgreiðslu frá ríkinu vegna raforkuflutnings í dreifbýli. Um kaup á þessari þjónustu hafa heimilin ekkert val og verða að eiga viðskipti við þá dreifiveitu sem hefur einkaleyfi fyrir flutning og dreifingu á raforku á viðkomandi landssvæði.

Sala á raforku - orkusala

Orkusalan er sá hluti raforkuviðskiptanna þar sem neytendur hafa val um við hvað fyrirtæki þeir skipta. HS orka, Orkusalan og Rafveita Reyðafjarðar hafa hækkað um 6,2% og Orkuveitu Reykjavíkur um 4,7% miðað við 4.000 kWst. notkun á ári. Orkubú Vestfjarða og Fallorka hafa ekki hækkað gjaldskrána á þessu tímabili.



Fyrir heimilið er ódýrast að kaupa raforkuna miðað við 4.000 kWst. notkun á ári. hjá Orkuveitu Vestfjarða, þar sem kostnaðurinn er 23.042 kr. á ársgrundvelli en dýrast er að kaupa orkuna frá Orkuveitu Reykjavíkur en hún kostar 25.552 kr., verðmunurinn er 2.510 kr. eða tæplega 11%.

Rétt er að vekja athygli á því að ákveði heimili að kaupa raforku hjá öðru fyrirtæki en því sem sér um flutning og dreifingu á viðkomandi landssvæði, mun raforkureikningur heimilisins berast í tvennu lagi. Einn fyrir flutninginn og dreifinguna og annar fyrir orkusöluna. Neytendur ættu því að kynna sér hvort innheimt sé aukalega seðilgjald hjá raforkusalanum og hvort komast megi hjá því t.d. með rafrænum greiðsluseðlum þannig að kostnaður við skiptin verði ekki meiri en sem nemur veðmun á milli söluaðila.
Það er bagalegt fyrir samkeppni á orkusölumarkaði að ekki skuli vera mögulegt að innheimta allan raforkukostnað á einum reikningi, óháð samsetningu á sölufyrirtæki og dreifiveitu sem skipt er við. Þessu til viðbótar er ávallt erfiðara fyrir neytendur að fá góða yfirsýn yfir heildarkostnað sinn þegar tveir reikningar berast mánaðarlega.